

MINNISBLAÐ

Efni: Minnisblað - Þorlákshúð

Höfundur: Stefán Thors

15. október 2012
Tilvísun: 2010040051 /

Bygginga Þorlákshúðar í Skálholti, Bláskógabyggð

Afstaða Skipulagsstofnunar til byggingar Þorlákshúðar í Skálholti byggir á 5. t.l. ákvæða til bráðabirgða í skipulagslögum. Samsvarandi ákvæði var í skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 sem féllu úr gildi við gildistöku nýrra skipulagslaga.

5. t.l. bráðabirgðaákvæða skipulagslaga nr. 123/2010:

Sveitarstjórn skal senda Skipulagsstofnun deiliskipulagsáætlanir og breytingar á þeim sem gerðar hafa verið á **grundvelli aðalskipulags** og samþykktar af sveitarstjórn fyrir 1. janúar 1998 og hafa ekki verið auglýstar, hlotið staðfestingu ráðherra eða samþykktar af skipulagsstjóra ríkisins samkvæmt eldri lögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Þetta skal gera innan eins árs frá gildistöku laga þessara og skal sveitarstjórn gera Skipulagsstofnun grein fyrir því hvort hún hafi samþykkt viðkomandi áætlun. Hafi deiliskipulagsáætlun ekki verið samþykkt telst hún fallin úr gildi.

8. nóvember 2011. Fyrirspurn Skipulagsstofnunar til Bláskógabyggðar

Spurt hvort gefið hafi verið út leyfi fyrir framkvæmdum við Þorlákshúð.

14. nóvember 2011. Svar Bláskógabyggðar

Í gildi deiliskipulag fyrir Skálholt samþykkt 14. maí 1996. Sveitarstjórn samþykkti 23. apríl 2010 að leyfið skyldi veitt að uppfylltum skilyrðum um brunavarnir. Heimilað í maí að hafist yrði handa við jarðvinnu og hleðslu. **4. nóvember 2011** var umsækjanda tilkynnt að byggingaráform hans væru samþykkt.

16. nóvember 2011. Bréf Skipulagsstofnunar til Bláskógabyggðar

„Í 5. lið fundargerðar hreppsnefndar, dags. 14. maí 1996, kemur fram að lagt hafi verið fram tillaga að breyttu aðalskipulagi Laugaráss og Skálholts í Biskupstungum frá 1989-2009 m.s.br. og deiliskipulag Skálholts og voru þær afgreiddar af hreppsnefnd. Í framhaldinu var aðalskipulagið (breytingar á staðfestu aðalskipulagi), staðfest af umhverfisráðuneytinu 7. ágúst 1996. Samkvæmt 5. t.l. bráðabirgðarákvæðis skipulagslaga kemur fram að deiliskipulag verði að vera samþykkt af sveitarstjórn og byggja á aðalskipulagi. Samþykkt sveitarstjórnar á deiliskipulagi Skálholts var tæpum þremur mánuðum áður en aðalskipulagið var staðfest. Skipulagsstofnun telur því að umrætt deiliskipulag geti ekki talist í gildi og verði ekki skráð og varðveitt á grundvelli

5.tl. skipulagslaga, nema önnur og síðari afgreiðsla á deiliskipulaginu eftir staðfestingu aðalskipulagsins liggi fyrir í fundargerðum hreppsnefndar.

Komi í ljós að fyrir liggi samþykki hreppsnefndar á deiliskipulaginu eftir gildistöku aðalskipulagsbreytingarinnar þá telur stofnunin samt sem áður að deiliskipulagið sé ekki nægjanlegur grundvöllur fyrir útgáfu byggingarleyfis fyrir Þorláksbúð“.

15. nóvember 2011

Leyfisveiting kærð til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála.

8. desember 2011

Úrskurðarnefnd vísar málinu frá þar sem kærundur höfðu ekki lögvarinna hagsmuna að gæta.

20. desember 2011

Bláskógabyggð kærir afgreiðslu Skipulagsstofnunar til umhverfisráðuneytisins.

20. janúar 2012

Umhverfisráðuneytið óskar eftir umsögn Skipulagsstofnunar um kærða ákvörðun stofnunarinnar að synja Bláskógabyggð um að skrá og varðveita deiliskipulag Skálholts.

11. júlí 2012. Úrskurður umhverfisráðuneytis

Ráðuneytið áformar að vísa kærinni frá en gefur kost á að koma að athugasemdum.

„Ráðuneytið telur það hlutverk Skipulagsstofnunar samkvæmt 5. tölul. ákvæðis til bráðabirgða sé að taka á móti þeim deiliskipulagsáætlunum sem falla undir ákvæðið og kanna hvort formskilyrðum ákvæðisins sé fullnægt en stofnuninni sé ekki falið samkvæmt ákvæðinu að taka ákvörðun um gildi slíkra áætlana.“

Staðan í dag.

Það er mat Skipulagsstofnunardeiliskipulag Skálholts frá 1996 geti ekki talist í gildi.

Komi í ljós að fyrir liggi samþykki hreppsnefndar á deiliskipulaginu eftir gildistöku aðalskipulagsbreytingarinnar þá telur stofnunin samt sem áður að deiliskipulagið sé ekki nægjanlegur grundvöllur fyrir útgáfu byggingarleyfis fyrir Þorláksbúð.

Í kafla 2.12 í greinargerð með deiliskipulagi Skálholts kemur fram að „í skýrslu Skálholtsnefndar er lagt til að kannað verði hvort ekki megi byggja upp Þorláksbúð að forsögn fróðra manna“ en engin ákvörðun er tekin um byggingu skálans enda er Þorláksbúð teiknuð inn á uppdrátt sem tóftir en ekki sem byggingarreitur.

Í kafla 2.14 í greinargerð kemur fram að fyrirhuguð eru nokkrar byggingar á staðnum þar er nefnt þjónustuhús, bókasafn, fjölnotasal, gistiherbergi. Ekki er minnst á Þorláksbúð.

104

105

106

107

108

109

110

111

112

113

114

115

116

117

118

119

120

121

122

123

124

125

126

127

128

129

130

131

132

133

134

135

136

137

138

139

140